

Flugslysaæfing Bíldudalsflugvelli 5. Maí 2018 Lokaskýrsla



Isavia
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjóra.....	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1	Miðvikudagurinn 3. maí.....	Error! Bookmark not defined.
4.2	Fimmtudagurinn 4. Maí.....	4
4.3	Föstudagurinn 5. maí.....	4
4.4	Laugardagurinn 6. maí.....	4
4.5	Niðurstaða æfingastjórnar.	Error! Bookmark not defined.
4.6	Æfingastjórn	4
4.7	Ráðgjafar	4
4.8	Þátttaka	5
4.9	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
4.10	Veður	5
4.11	Framkvæmd.....	Error! Bookmark not defined.
4.12	Vettvangur.....	5
5	Rýni.....	7
5.1	Vettvangsrýni ráðgjafa	7
5.1.1	Aðgerðastjórn.....	7
5.1.2	Vettvangsstjórn.	7
5.1.3	Björgunarstjóri.....	8
5.1.4	Aðhlyningarstjóri	9
5.1.5	Fjöldahjálp	9
5.1.6	Flutningsstjóra	9
5.1.7	Leikarar og förðun	10
5.1.8	Gæslustjóri.....	10
5.2	Rýnifundur	Error! Bookmark not defined.
5.3	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar.....	10
5.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	11
5.3.2	Það sem vel var gert	11
5.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	14

2 Frá æfingastjóra

5. maí 2018 var haldin flugslysaæfing á Bíldudalsflugvelli. Þátttaka var góð og tóku allir viðbragðsaðilar á svæðinu þátt. Flugslysaæfingar þessar eru samvinnuverkefni heimamanna, almannavarna og Isavia og taka til viðbragða við flugslysi á Bíldudalsflugvelli. Einn æfingadagur er skilgreindur og var það laugardagurinn 5. Maí en undirbúningur var búin að standa yfir í margar vikur í aðdraganda æfingar. Fræðslukvöld eru haldinn fimmtudag og föstudag fyrir æfingu, vel var mætt á fræðslukvöldin sem haldin voru í félagsheimilinu á Patreksfirði. Þar var farið yfir fyrirhugaða æfingu, farið yfir hlutverk hvers og eins og þátttakendur undirbúnir eins og hægt er fyrir æfinguna. Markmiðið er ekki að prófa heimamenn í viðbrögðum heldur auka þekkingu. Þetta teljum við vera afar mikilvægt ekki síst í ljósi þess að mikil endurnýjun er á þátttakendum milli æfinga og stór hluti stjórnenda eru að taka þátt í slíkri æfingu í fyrsta sinn.

Veður var ekki upp á sitt besta þá daga sem við vorum að undirbúa æfinguna en var með besta móti miðað við árstíma á meðan á æfingu stóð enda samningar náðst við veðurguði um gott veður á æfingunni. Veðurfar á æfingardag skiptir miklu máli og auðveldar ekki bara úrlausn viðbragðsaðila heldur skilar líka ýtarlegri æfingu þar sem hægt er að hafa slasaða þannig úr garði gerða að umönnun sé meira krefjandi í staðin fyrir að í slæmu veðri er hlaðið á börur í skyndi og slösuðum komið í skjól. Þetta slapp en snór var bæði daganna fyrir æfingu og snjócoma hófst skömmu eftir lok æfingar.

Flæði bjarga var ágætt enda skipulag á æfingum á Bíldudalsflugvelli með þeim hætti að allar bjargir eru boðaðar á flugvöllinn fyrir æfingu og bíða utan girðingar þar til þær eru kallaðar inn, hver æfing kallar á mismunandi skipulag en þetta er nauðsynlegt hér vegna vegalengda og æfingarnar hafa aldrei verið keyrðar í raun tíma.

Einstaklega ánægjulegt er að undirbúa og framkvæma æfingar á sunnanverðum Vestfjörðum, samheldnin er mikil og allir tilbúnir til að koma saman, vinna saman og læra. Slíkt hugarfar er ávísun á góðan árangur. Fyrir æfingu afhenti Isavia Björgunarsveitinni Blakki Patreksfirði hópslysakerru sem ætti að nýtast vel hópslysum á svæðinu.

Með breytingu á lögregluembættum hafa lögreglustjórar verið að koma upp aðgerðastjórnunarstjórnstöðvum í sínum umdæmum, Bíldudalsflugvöllur heyrir undir lögreglustjórnann á Vestfjörðum og hefur hann komið upp aðgerðastjórnstöð á Ísafirði. Aðgerðastjórnstöðin tók þátt í æfingunni og tókst það vel. Það er mat undirritaðs að með þessu fyrirkomulagi er mikilvægt að efla vettvangsstjórnar getu á suðurfjörðunum, bæði tryggja áframhaldandi þekkingu á þeim efnum og efla aðstöðu til vettvangsstjórnunar. Það er skoðun undirritaðs að vettvangsstjórn eigi að vera eins nálagt vettvangi og hægt er en utan hættusvæðis, það þýðir að búnaður og aðstaða þarf að vera til staðar til að setja upp stjórnun við frumstæðar aðstæður, tryggja fjarskipti og yfirsýn.

Æfingastjórnin þakkar sérstaklega fyrir gestrisni heimamanna en í lok æfingar bauð félag slökkviliðsmanna á Patreksfirði upp á óformlegan hitting þar sem borðaður var góður matur og æfingin rædd manna á meðal. Viðburðurinn var sannarlega góður endir á góðri æfingu.

Friðfinnur Fr. Guðmundsson Isavia

3 Markmið

Bíldudalsflugvöllur er svokallaður einmennings völlur, það er lítill flugvöllur með einn starfsmann. Flugfélagið Ernir sinnir áætlanaflogi á völinn sex sinnum í viku frá Reykjavík. Flugvallarstæðið er gott og veðurskilyrði almennt góð inn á völinn. Eitt helsta markmið æfingarinnar var að æfa flugslýsaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og þær áskoranir sem falast í dreifðum og flóknum vettvangi og fáum björgum miðað við slasaða. Markmið æfingarinnar gengu ágætlega upp eins og fram kemur í skýrslu þessari.



Myndir: Gunnlaugur Albertsson

4 Undirbúningur og framkvæmd

4.1 Fimmtudagurinn 3. Maí

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti.

Fræðslufundur var haldin í félagsheimili Patreksfjarðar, fundurinn var vel sóttur. Farið var yfir á fundinum dagskrá æfingarinnar, nýtt fjarskiptaskipulag og nýja talhópa. Flæði slasaðra, aðgerðavitund ofl.

4.2 Föstudagurinn 4. maí

Kl 17:00 var haldin skrifborðsæfing á lögreglustöðinni, mæting var góð og æfingin tókst vel, þrjú rennsli voru keyrð og fengu þátttakendur betri yfirsýn og æfðust í samskiptum sín á milli. Æfingar þessar eru mikilvægur þáttur í flugslysæfingum.

Um kvöldið var aftur gist í félagsheimili Patreksfjarðar nú var farið yfir hlutverk verkþáttastjóra, SÁBF ásamt fleiru.

4.3 Laugardagurinn 5. maí

Æfingin hófst kl 11:10 með að þrír eldar voru kveiktir á suðurenda flugvallarins, fyrsti eldurinn var ætlaður flugvallarstarfsmanni, hinir tveir slökkviliði Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Slasaðir voru víða meðal annars í fleka sunnan við flugbraut. Viðbragðsaðilar voru settir inn í æfinguna eftir því í hvaða röð þeir kæmu. Bráðaflokkun fór af stað en var ekki kláruð, slasaðir fluttir í SSS og svo á heilbrigðisstofnanir. Æfingu var lokið rétt í þann mund sem flugvél Arna lenti á flugvellinum um 13:00



4.4 Æfingastjórn

Æfingastjóri	Bjarni Sighvatsson
Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir
Æfingastjórn	Friðgerður Brynja Jónsdóttir AVD
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason
Æfingastjórn	Jónas Sigurðsson

4.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Fylgst er með einstaka þáttum æfingarinnar og skýrslum skilað um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarson
Ráðgjafi	Jón Brynjar Birgisson

Ráðgjafi	Anna Filbert
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir
Ráðgjafi	Einar Strand
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason
Ráðgjafi	Davíð Friðgeirsson
Ráðgjafi	Veigar Þór Guðbjörnsson
Ráðgjafi	Sigrún María Árnadóttir

4.6 Þátttaka

Nærri 90 manns tóku þátt í æfingunni, telst sú þátttaka vera afar góð. Hafa verið í huga að margir eru bæði í Rauða krossinum, björgunarsveitum og svo í öðrum viðbragðsaðilum og þurfa að velja á milli, stundum líða sjálfboðaliða samtökin fyrir þetta en vel var mannað á öllum stöðum á æfingunni.

4.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Áætlanavél með 20 farþega innanborðs átti að hafa farist í landingu á braut 04

4.8 Veður

Veður var með besta móti miðað við árstíma. Milt veður og úrkomu laust hiti 8°C.

4.9 Framkvæmd

10:55 Leikararúta kemur á flugvöll.

11:10 „Go“ frá ARFF mönnum á SLY. Sjúklingar komnir á sinn stað. Eldar hafa verið kveiktir.

11:14 Turnmaður fær grænt ljós með boðun.

11:15 Slökkvibíll vallarins leggur af stað á vettvang.

11:17 Boð berast frá Neyðarlínunni í síma BS.

11:22 Tveir lögreglubílar mæta á völlum.

11:23 Undanfarabíll slökkviliðs mættur / HSA bíll mætir.

11:24 Sjúkrabíll mætir.

11:26 Bifreið með konum frá slysavarnardeildinni mætir.

11:43 Fyrsti sjúklingur kemur á SSS.

12:25 Síðasti sjúklingur yfirgefur SLY.

13:05 Æfingu á flugvelli líkur.

14:20 Laxinn hefur verið snæddur og kaffi drukkið. Rýnifundi lokið og æfingunni slitið.

4.10 Vettvangur

Vettvangurinn var settur upp utan flugbrautar. Austan við flughlað á nokkuð fjölbreyttu og erfiðu svæði. Hringakstur var settur á til að bæta flæði og auka öryggi. Fjöldmörg verkefni voru á slyssaðnum, bæði slökkvi og björgunarverkefni. Fjöldi björgunarmanna og flutningstækja var í það minnsta miðað við umfang vettvangs og fjölda slasaðra.

Vettvangurinn var frekar dreifður, syðst var klippur 1 (K1) þá kom eldur 1 (E1) og 2 (E2) svo klippur 2 (K2). Á Eyafjarðaránni var björgunarfleki á reki. Á brún öryggissvæðisins var TF-Láki syðst, norðar klippur 3(K3) og eldur 3 (E3) nyrst. Fyrirfram var ákveðið að Slökkvilið Akureyrar (SA) sjái um þessi 3 síðast töldu verkefni og var björgunarstjórum tilkynnt það fyrir fram.




5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.

Einnig var prófuð svokölluð vettvangsrýni þar sem ráðgjafar meta störf helstu stjórnunareininga og verkþáttastjóra á meðan á æfingu stendur. Vert er að taka fram að flestir ráðgjafar fylltu út rýni eftir æfingu

15 þátttakendur skiluðu inn rýni. Dreifing þeirra milli viðbragðsaðila var góð en fleiri hefðu mátt taka þátt í þessum mikilvæga hluta æfingarinnar.



5.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST,AST,VST og hjá verkþáttastjórum. Þeir mátu þessa stjórnunarpætti út frá því hvort ákveðnum verkefnum hafi verið sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Þetta var metið á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki synt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð. Þetta verklag er í þróun og er ágætis leið til að meta störf stjórnenda, svo er spurning hvort stjórnendur eru sáttir við að þeirra störf séu metin með þessum hætti.

5.1.1 Aðgerðastjórn

Skýrsla ekki borist frá ráðgjafa

5.1.2 Vettvangsstjórn.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
-------------------	--

Var yfirsýn yfir aðburð náð á viðeigandi tíma	4
Náði vettvangsstjóri sér í viðeigandi upplýsingar til að meta umfang verkefnis	4
Gaf VST, AST greinargóða og tímanlega stöðu mála	4
Var SÁBF notað með viðeigandi hætti í VST	3
Var skipt í stöður í VST	4
Voru fyrirmæli vettvangsstjóra skilmerkileg	4
Varð aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti í VST	4
Var VST staðsett á viðeigandi stað	5
Var samræming verþáttastjóra með viðeigandi hætti	5
Var viðeigandi stjórnunarspönn viðhaldið.	4
Voru viðeigandi verþættir virkjaðir	4
Var í gert áhættumat eða athygli vakin á aðsteðjandi hættum Var aðgerðagrunnur notaður á réttan hátt	1
Var aðgerðaskráning með viðeigandi hætti	3
Var hugað að markmiðsetningu í áætlanagerð	3
Voru settar niður aðgerðalotur	1
Var hörfun skipulögð með viðeigandi hætti	1

5.1.3 Björgunarstjóri

Tveir björgunarstjórar voru skipaðir (aðal og aðstoðar) og gerði að starfið mun auðveldara. Miðað við að viðkomandi hafa aldrei sinnt starfinu áður er útkoma vettvangsrýni ráðgjafa afar góð.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði björgunarstjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	2
Náði björgunarstjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	3
Var björgunarstjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur	3
Var vettvangur tryggður á viðeigandi tíma	1
Voru fyrirmæli björgunarstjóra skýr og skilmerkileg	3
Gekk björgunarstjóra vel að samþætta starf mismunandi bjarga á vettvangi	2
Var tekið á móti hópum og þeir settir í verkefni	2
Var eðlilegri stjórnunarspönn viðhaldið á vettvangi	3
Var staðsetning björgunarstjóra viðunandi	2
Var yfirsýn björgunarstjóra viðeigandi	3
Var gætt að verndun vettvangs og rannsóknarhagsmuna á viðeigandi hátt	3
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST um umfang og aðstæður á vettvangi	3
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	4
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	3
Unnu stjórnendur Isavia og slökkviliðs vel saman	4
Var gerður vettvangsuppráttur af vettvangi	3
Var framkvæmd leit	5

5.1.4 Aðhlyningarstjóri

Flöskuháls á aðkomu í SSS hlað megin, erfitt er að bæta úr þega að bæta við hurð út á hlað. Slasaðir voru í einhverjum tilfellum í biðröð við að komast inn á SSS. Annars var flæði ágætt.

Bráðaflokkun ekki framkvæmd á vettvangi, engir sjúklingar merktir með áverkamati við komu á SSS. Þetta var þó æfingalegs eðlis, þar sem verið var að leitast við að nota æfinga-áverkamati á vettvanginum sem var dreift á aðila sem voru síðan ekki að sinna bráðaflokkun. Þessi áskorun var vel leyst á SSS og samvinna milli gæslustjóra og aðhlyningastjóra í þessu var mjög góð.

Fámennt var af heilbrigðisstarfsfólki á æfingunni. Það litaði talsvert æfinguna og hafði það mikil áhrif á störf innan SSS. Þau einbeittu sér að því að framkvæma áverkamat og halda yfirsýn en hefðu átt erfitt með að sinna alvarlega slösuðum líka vegna skorts á sérhæfðu starfsfólki.

Þegar farið var á líða á æfinguna komu sjúkraflutningamenn til aðstoðar á gula og rauða svæðinu, kom mjög vel út, þeirra þekking nýtist mjög vel þar. Ábending til heimamanna að muna eftir því að nýta sérhæfða starfskrafta s.s. heilbrigðisstarfsfólk og sjúkraflutningamenn á sem mestan hátt, þ.e. passa að eigna þeim sérhæfðu verkefni og nýta annan mannskap í þau verk sem margir geta innt af hendi.

Verkbáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir aðhlyningarstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand í SSS	3
Gaf aðhlyningarstjórinn greinargóða lýsingu á ástandinu til HSB,HVE,AST,SST,VST	3
Voru nægar bjargir við uppsetningu á SSS	2
Gaf aðhlyningarstjóri skýr fyrirmæli varðandi vinnu á SSS Var aðbúnaður viðeigandi á SSS	3
Var viðeigandi skipulagi komið á í SSS	3
Var aðhlyningarstjóri með góða yfirsýn á SSS	3
Voru aðstoðarmenn skipaðir eftir þörfum	2
Var áverkamat mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	4
Var rautt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	1
Var gult svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	1
Var grænt svæði mannað/virkjað í samræmi við umfang og eðli atburðar	2
Var ástand mála metið reglulega	4
Voru nauðsynleg aðföng/bjargir tryggð tímanlega	4
Var SSS eðlilega mannað	1
Voru samskipti við starfslið SSS næg og skilvirk	4
Var aðhlyningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta	4
Var upplýsingamiðlun frá SSS skilvirk	4

5.1.5 Fjöldahjálp

Vandkvæði voru með form vegna vettvangsrýni.

5.1.6 Flutningsstjóra

Gott var fyrir flutningastjóra að fá meldingu í fjarskiptum frá SLY um að bílar væru á leið á SSS með slasaða, þannig var hægt að vera á tánum með aðstoð við burð. Fjarskipti AST-VST trufluðu að

einhverju leiti flutningastjóra í upphafi æfingar sem átti að vera með fókusinn á SLY bætti um þegar samskipti AST-VST fóru á sér talóp.

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Tók eðlilegan tíma fyrir flutningsstjóra að ná yfirsýn yfir atburð og ástand mála	4
Var flutningstjóri meðvitaður um hættur og hindranir á flutningsleiðum	4
Var skráning bjarga með viðeigandi hætti	5
Var móttaka bjarga með viðeigandi hætti	4
Var skipulag á MÓT með viðeigandi hætti	4
Var biðsvæði bjarga notað með viðeigandi hætti	4
Voru skipaðir umsjónarmenn yfir biðsvæði sem voru virkjuð	4
Var aðbúnaður og aðföng með viðeigandi hætti	4
Voru biðsvæði sett upp á hentugum stöðum	5
Var skipulag flutinga með viðeigandi hætti	4

5.1.7 Leikarar og förðun

Skýrsla ekki borist frá ráðgjafa

5.1.8 Gæslustjóri


Gæslustjóri var skipaður lögreglumanni og honum til aðstoðar var lögreglumaður. Gæslustjóri hafði aldrei sinnt þessu starfi áður og aldrei tekið þátt í æfingu af þessu tagi. Stóð sig mjög vel miðað við aðstæður, var mjög fús til að læra og tók tilsögn mjög vel

Verkþáttur	Markmiðum náð 1-5 þar sem 5 er öllum markmiðum náð.
Náði gæslustjóri tímanlegri yfirsýn yfir atburð	2
Náði gæslustjóri sér í nægar upplýsingar til að meta umfang og stærð atburðar	1
Voru fyrir mæli gæslustjóra skýr og skilmerkileg	2
Var staðsetning gæslustjóra viðunandi	3
Var yfirsýn gæslustjóra viðunandi	2
Var viðeigandi upplýsingum komið til VST	3
Voru samskipti við VST með viðeigandi hætti	3
Voru samskipti við aðra verkþáttastjóra með viðeigandi hætti	3
Virkjaði Gæslustjóri aðstoðarmann	4
Var Gæslustjóri með yfirsýn yfir talningu	4

5.2 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

5.2.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Q2 Hvaða úrlausnaraðila tilheyrir þú?



5.2.2 Það sem vel var gert

5.2.2.1 Undirbúningur æfingar

- Samtöl og fræðsla frá starfsmönnum almannavarna, Skrifborðsæfing
- Bjsv. undirbjó sig vel fyrir æfinguna. Notuðum vinnukvöldin okkar í að fara yfir búnaðinn okkar og rifja upp. Skrifborðsæfingin hjálpaði mér mikið við að skilja hvert hlutverk mitt væri
- Við Bryndís Ósk Jónsdóttir, fulltrúi lögreglustjóra, sem jafnframt situr í aðgerðastjórn á Ísafirði, ásamt mér af hálfu lögreglustjórans á Vestfjörðum, sóttum undirbúningsfund sem haldinn var á Bíldudal undir stjórn Bjarna Sighvatssonar hjá ISAVIA og almannavarnadeildar RLS. Þar hittum við eina 30 viðbragðsaðila úr Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Það var

mjög mikilvægt þar sem við gátum kynnt okkur og séð viðbragðsaðilana sem við áttum eftir að æfa með. Við Bryndís Ósk ásamt öðrum í aðgerðastjórninni á Ísafirði vorum búin að taka á leigu 9 manna bílaleigubíl til að fara aftur og þá á Patreksfjörð á föstudeginum fyrir æfinguna sjálfa og taka þátt í þjálfun og skrifborðsæfingu. Það gerði hins vegar vont veður og styttri leiðin varð ófær. Við vorum því í myndsamali við þá sem tóku skrifborðsæfinguna og vorum í talstöðvarsambandi við æfingastjórnina. Tókum skrifborðsæfinguna í aðstöðu aðgerðastjórnar á Ísafirði, án þess að vera með æfingastjóra með okkur á staðnum. Við, aðgerðastjórnin á Ísafirði, fengum upprifjun hjá þeim Friðgerði og Friðjóni hjá almannavarnadeild RLS á fimmtudeginum fyrir æfinguna. Þau komu til þessa verka á Ísafjörð en fóru að því loknu til Patreksfjarðar.

- Undirbúningur æfingarinnar gekk mjög vel, auðveldlega gekk að fá lánað það sem til þurfti fyrir æfinguna.
- Slökkvilið heldur reglulega æfingar og þær nýttust á æfingunni.
- Virkilega gott að fá æfingu á fjögurra ára fresti. Slökkviliðið fékk fræðslu eitt kvöld tveimur vikum fyrir æfingu. Nýttist mjög vel þar sem farið var almennt yfir flugvélar og flugslys gagnvart hlutverki slökkviliðs. Mæli hiklaust með að einingar nýti sér það að fá fræðslu í vikunum áður en æfingin sjálf er því þar er hægt að fara mun nánar í efnið og einnig kveikir þetta spurningar og skýrir út verkefnið.
- Fundurinn sem var haldin í skjalborg um flugvélar með slökkviliðsmanni frá Reykjavíkur flugvelli. Hann var mjög gagnlegur.
- Skrifborðsæfingin var mjög góð. Fræðslan var góð. Allur hittingur var góður, gott að vera í samskiptum við aðra viðbragðsaðila.
- Undirbúningur gekk vel. Fundir og skrifborðsæfing gagnleg. Var mjög gott að hafa og leita til Guðrúnar Lísbet
- Dagarnir á undan. Skrifborðsæfingin, fyrirlestrar, kynningar o.fl. í FHP og að manna eininguna.
- Upplýsingagjöf var markviss og skýr.
- Degi fyrir æfingu var haldin skrifborðsæfing. Sú æfing skýrði fyrir manni hvert manns hlutverk var.
- Allt gekk vel, nóg af fundum og tækifærum til þess að spyrja

5.2.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

- Unnum ágætlega saman, kynntumst áverkamatinu og hvernig ferlið í heild gengur fyrir sig. Sáum hvernig við getum unnið saman sem ein heild. Mjög ánægð með aðstoðina sem við fengum frá starfsfólki Rauða krossins.
- fannst vera gott flæði á vettvangi og góð samvinna
- Mér fannst æfingin ganga mjög vel fyrir sig.
- Gott flæði slasaðra á sss. Mjög góð samvinna allra aðila. Fjarskipti voru í góðu lagi í fyrsta skipti síðan æfingar hófust. Það er að þakka endurvarpa á Laugarbólsfjalli
- Hvað aðgerðastjórnina varðar var ákveðið að prófa að fela sitt hvorum aðilanum í Framkvæmdum að sjá um talstöðvarsamskipti, annars vegar við VST og hins vegar við SST. Áður höfðum við Bryndís Ósk Jónsdóttir verið með þessi samskipti. Þessi breyting reyndist vel og gerði það að verkum að yfirsýn mín, sem aðgerðastjóra, sem og aðstoðaraðgerðastjóra, Bryndísar, var mun betri. Að auki var rætt um að innan AST að aðgengi að aðgerðastjóra hafi verið mun betra við þetta. Þá var gott fyrirkomulag að fela öðrum svæðisstjórnarmanninum í AST, Halldóri Óla Hjálmarssyni, að sjá um að færa inn í Aðgerðagrunninn (logga). Hann var staðsettur í Framkvæmdum. Þá reyndist vel að hafa hinn svæðisstjórnarmanninn og starfsmann Ísafjarðarbæjar, fulltrúa almannavarnadeildar, að sjá um Bjargir. Einnig reyndist

vel að fá aðstoðarslökkviliðsstjórnann og starfsmann ISAVIA að sjá um Áætlanir og hafa með höndum öryggisstjórnabáttinn. Þetta var í fyrsta skiptið sem æfing sem þessi var keyrð eins og gildandi viðbragðsáætlun segir til um, þ.e.a.s. að nota aðgerðastjórnina á Ísafirði í stað þess að taka af vettvangi mikilvæga viðbragðsaðila í AST. Líklegt má telja að í raunveruleikanum veiti

- ekkert af þeim viðbragðsaðilum sem tiltækir eru í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi á vettvang. Ég tel að þetta fyrirkomulag, að AST á norðanverðum Vestfjörðum, geti verið gott bakland við VST. Fjarlægðin skiptir ekki öllu máli. En mikilvægt að fjarskipti og önnur samvinna gangi upp, sem ég tel hafa gerst á æfingunni.
- Að mestu gekk vel að slökkva elda og tryggja vettvang. Eldur 1 flugvallarþjónustan slökkti hann mjög fljótt. Eldur 2 og klippur. Hefði mátt skoða vettvang betur og tryggja hann betur. Ekki notaður hlífðarbúnaður við klippuvinnu. Enginn hjálmur ekki öryggisgleraugu og engir vettlingar. Engin vöktun á eld eftir að hann var slökktur. Eldur 3.2 menn koma á staðinn og slökkva eld og nota allan sinn hlífðarbúnað. Þeir yfirgáfu ekki flakið fyrr en allur eldur var slökktur. Bátabjörgun. Illa gekk að manna bát sem er á flugvellinum en þegar að báturinn kom þá gekk björgunin mjög vel. Bráðaflokkunin gekk mjög vel.
- Fólk fór beint í að leysa sín verkefni og reyndu svo að vinna þau verkefni sem þurfti að vinna óháð stöðu/hóp. Í það heila fannst mér æfingin ganga mjög vel og var lærdómsrík.
- Flæðið gekk mjög vel og æfingin í heild. Vettvangsstjóri og aðstoðarmaður skiptu fjarskiptum á milli sín, annars vegar við Aðgerðastjórn og hins vegar við stjórnendur á vettvangi. Gafst mjög vel. Vettvangsstjórnin skipti síðan með sér öðrum verkum. Vegna þess að allir í vettvangsstjórn voru með talstöðvar og headsett þá þurftu aðilar ekki að festa sig í kaffistofunni. Gátu farið upp í turn, út á vettvang og út á flughlað án þess að stjórnunin sjálf á verkefninu liði fyrir það. Við þetta gafst mun betri yfirsýn og skilningur á verkefninu. Einnig sparaði það oft fjarskipti að geta rætt beint við aðila eins og flugturn, og aðra stjórnendur sem voru rétt hinu megin við vegginn. Margir nýir félagar í hinum ýmsu hópum eru að mæta á fyrstu æfingu og stóðu sig með þrygði. Ef þeir halda áfram þá þurfum við ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni. Skemmtileg samvinna hjá Björgunarstjóra og aðstoðarmanni í talstöð þar sem aðstoðarmaður svaraði ef stjórnin gat ekki svarað. Gott fyrir aðra að taka þetta upp því það er ekki alltaf sem stjórnin getur svarað talstöð. Með augnsambandi tókst þeim þetta vel og svöruðu alltaf þegar vettvangsstjórn og aðrir kölluðu. Nær allir nýttu sér headsett fyrir talstöðvar og það er til mikilla bóta. Fjarskipti gengu vel og vonandi eru það niðurstöður úr fleiri æfingum héðan í frá. Mín sín á stjórnkerfi æfingarinnar er eftirfarandi: Vegna þess að báðar stjórnneiningarnar unnu í sama aðgerðagrundi með sama loggið og fyrst um sinn á sama talhópnum þá var um eina stjórn að ræða. Að vísu færðum við fjarskipti milli stjórnanda yfir á annan talhóp Ísafjörður sá um Áætlanir og Bjargir ásamt samskiptum við Samhæfingarstöð Bíldudalur sá um Framkvæmdir. Báðir aðilar voru því að vinna á sama „stjórnlevel“
- Okkur fannst allt hafa gengið mjög vel hjá slökkviliðinu á Tálknafirði.
- Almennt gott flæði. Fólk var alveg tilbúið að fara í öll verkefni þó það væri misvel undirbúið. Klippivinna og reykköfun gengu mjög vel. Samskipti og fjarskipti voru góð. Allt komst til skila á skilvirkan hátt. Öll umgjörð æfingarinnar var góð - góð uppsetning. Mikil áskorun þar sem langt var á milli slysstaða t.d.
- Gekk vel að koma sjúklingum í SSS og gera áverkamat sjúklingana þar. Fjarskipti voru mjög fín og gott að tala við samhæfingarstöðina við pöntun á flutningi.
- Hvað mig varðar gekk mitt hlutverk hnökralaust og þeir sem ég sá til gengu sannfærandi til verka eftir örlítið hik/óvissu í byrjun.
- Allt gekk hratt og örugglega, sjúklingar komu fljótt í hús og sjaldan myndaðist tappi hjá lækni og hjúkrunarfræðingi, sjúklingar komust hratt í gegn um greiningu.

- Skipulag gekk vel. Vettvangsstjórn stóð sig vel og gaf góð fyrirmæli. Það hjálpaði mér sem gæslustjóra mjög mikið að vera með aðstoðarmann.
- Búa um sjúkling
- Allir flutningar gengu vel. Fjarskipti voru ágæt.
- Góð stjórn hjá öllum

5.2.3 Það sem betur hefði mátt fara

5.2.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

- Heilbrigðisstofnun á Patreksfirði fékk ekki nægar upplýsingar fyrir en nokkrum dögum fyrir æfinguna. Mætti hafa beint samband við okkur hér ásamt því að tala við Ísafjörð
- Hefði kannski viljað að allir fengu kennslu í bráðaflokkun, og ferlinu á sjúklingum af slysstað á söfnunarsvæðin.
- Aðeins meiri verkleg fræðsla í skyndihjálp og notkun sjúkrabúnaðar, ss. böruburður og fleira svoleiðis
- Það hefði verið betra ef við, aðgerðastjórnin, hefðum getað verið meira með viðbragðsaðilum og æfingastjórninni fyrir æfinguna. En erfiðar samgöngur hömluðu því. Það var verra að almannavarnadeild RLS gat ekki skaffað, eins og til stóð, fulltrúa til að vera með aðgerðastjórninni meðan á æfingunni stóð. Rögnvaldur Ólafsson, lögreglufulltrúi í almannav. deild RLS, var þó í Skógarhlíðinni og hlustaði á fjarskiptin sem við notuðum og var í símasambandi við mig. Þá var hann í myndsímtali við okkur í lok æfingarinnar og tók stuttan rýnifund með okkur. Þetta var nauðsynlegt en eins og áður sagði hefði verið betra að hafa hann á staðnum. Ekki síst fyrir hann til að meta "stemminguna" í aðgerðastjórninni, sem mér fannst reyndar mjög góð og fagleg.
- Það er ekki gott að breyta dagskrá rétt fyrir æfingu. Virðum tíma þeirra sem voru búnir að fá frí í vinnu til að mæta en þurftu þess svo ekki. Saknaði hópvinna sem átti að vera fyrri fræðslukvöldið. Sú hópvinna þarf ekki endilega að snúast um umönnun sjúklinga. Það má taka önnur verkefni til þess að leggja fyrir hópana. Hér er kjörið tækifæri til þess að mynda litla hópa sem samanstanda af ólíkum viðbragðsaðilum og láta þá leysa saman verkefni. Verkefni geta verið „hver sem er“ því samvinnan er mikilvægur þáttur og undirbýr fólk fyrir æfinguna. Vantaði nánari fræðslu um bráðaflokkun því það eru nokkuð margir sem eru að mæta í fyrsta skipti á þessar æfingar og hafa ekki fengið þessa fræðslu. Það er ekki gott að breyta fjarskiptaskipulagi daginn fyrir æfingu. Drög að flugslysaáætlun eru búnin að vera í vinnslu í 12 ár og fjarskiptaskipulagið þar var uppfært fyrir nokkrum vikum.
- Samskipti, hvernig fólk á að haga sé t.d. með tilkynningar til björgunarstjóra.
- Kannski bara í innra starfi okkar í slökkviliðinu. Hefðum viljað vita með lengri fyrirvara að við yrðum björgunarstjórar. Hefðu mátt vera stöðvaæfingar í Félagsheimilinu með t.d. bráðaflokkun. Of fáir undirbúnir fyrir þau verkefni sem þurfti að leysa á æfingunni, eins og t.d. bráðaflokkun.
- Samskipti HVEST á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum hefðu mátt vera meiri í sambandi við undirbúning æfingarinnar.
- Allir þyrftu að taka þátt í undirbúningnum. Sumir mættu bara beint á æfinguna þótt þeir væru að koma í fyrsta skiptið
- Þegar það var að senda bilana inna völlinn að það var ekki gert í réttri röð slökkvibíll inn á Patreksfirði átti að vera undan björgunar sveita bílum á Bíldudal

5.2.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

- Þetta gekk mjög hratt fyrir sig, slasaðir komu fljótt inn á SSS og oft lítið búið að gera fyrir þá á vettvangi en í alvöru slysum væri örugglega reynt að gera meira á vettvangi. Það hefði verið

góð æfing fyrir þá sem voru á vettvangi að hlúa meira að slösuðum, búa um sár o.þ.h. Einnig komu margir óflokkaðir inn þar sem ekki var gefið sér tíma til þess að flokka eða einhver mistök urðu þar. Þar sem við vorum fá frá heilbrigðisstofnuninni og slasaðir streymdu hratt inn þá náðum við lítið að gera annað en að flokka og koma síðan sjúklingum í burtu. Hefði verið gott að heilbrigðisstarfsfólk og sjúkraflutningamenn fengu meira út úr æfingunni, svo sem æfinguna að búa um sár, fótbot osfrv.

- Ég fell í þá gryfju að gefa mér það fyrir fram að björgunaraðilar væru of uppteknir/undirmannaðir til að bregðast við beiðni um björgun úr sjó. hefði átt að kalla fyrir um að fá tvo menn á til að manna bátinn. Bráðaflokkun virtist ekki fara fram á vettvangi í byrjun. Vettvangsstjórn var að logga í aðgerðagrunn, oft upplýsingar sem komu frá aðgerðarstjórn og þeir voru búnir að skrá.
- Bráðaflokkunin á sjúklingunum hefði mátt vera betri. Greinilegt að það þarf að fara vel yfir hvernig er bráðaflokkað og gæta þess að þeir sem eiga að bráðaflokka hafi kunnáttu til þess.
- Bráðaflokkun fór úrskaiðis. Ég hefði bráðaflokkað þá sem ég kom að en hefði þá þurft að nota "ekki æfingarspjöld" sem Blakkur á. Dreifa þeim víðar á alla viðbragðsaðila, og kenna það öllum. Þannig hefði verið settur miði á alla sjúklinga, sama hvaða viðbragðsaðili kom að þeim.
- Margir viðbragðsaðilar á vettvangi reyndust ekki vanir að nota Tetra talstöðvar og annað hvort voru með langt mál eða voru að gefa óþarfar upplýsingar um það sem var að gerast. Þetta gerði það að verkum að AST ákvað að færa sig á sér talrás við VST til að létta álaginu. Ætlunin var að reyna að vera allan tímann, öll á Blár 4-0, sem hefði verið betra fyrir alla. AST hefði viljað, eins og áður, sagði hafa fulltrúa frá æfingastjórninni á staðnum. En ekkert var við því að gera. Rögnvaldur stóð sig vel þó langt hafi verið í hann. Það var aðeins eitt annað sem hefði mátt vera ákveðnara og fara fyrir í gang, en það var að setja út bát frá flugvellinum til að bjarga þeim sem voru í sjónum. Það hefði verið betra ef AST hefði getað setið rýnifundinn sem haldinn var á Bíldudal í framhaldi æfingarinnar. AST var þó í myndsam tali við fundinn og það var skárri en ekki.
- Það þarf að brýna fyrir slökkviliðsmönnum að nota skal allan sinn hlífðar búnað. Það þyrfti að leggja meiri áherslu á að tryggja vettvang. En þetta var örugglega lærdómsríkt fyrir marga og ef æft er vel þá verður þetta bara betra.
- Nýliðar vissu kannski ekki alveg hvað þeir áttu að gera og hefðu mátt spyrja. Flokkun á vettvangi. Fannst stundum vanta meiri samskipti og upplýsingar um talstöð eins og t.d. um fjölda. En undir álagi geta svona upplýsingar ss. skolast til eða verða ekki eins brýnar og verkefni sjálf.
- Gott væri ef aðhlyningarstjóri fengi aðstoðarmann. Það léttir mikið á og sérstaklega því viðkomandi þarf að hafa samband í tvær aðskildar leiðir í talstöð ásamt öllum sem eru á vettvangi.
- Bráðaflokkunin. Við sem björgunarstjórar áttum að tækla það betur, deila niður á fleiri aðila. Fólk sem fékk verkefnið bráðaflokkun var illa undirbúið og kunni ekki til verka. Mönnun á björgunarbát hefði mátt ganga örlítið hraðar. Við hefðum líka viljað halda öðrum aðilanum sem fór á bátinn í landi þar sem einn slökkvibíllinn varð óvirkur þar sem hann var sá eini sem kunni á dæluna.
- Sárvantaði starfsfólk frá okkur á HVEST, því gekk flæðið ekki eins og vel og hefði getað. Við fengum þó snemma aðstoð frá fólk á vettvangi og það hjálpaði mikið.

- Hugsanlega var of mikið af fólki inni í húsi, ég var t.d. of oft verkefna laus og hefði viljað getað gefið mig fram við einhvern og óskað eftir verkefni en fann engan slíkan. Það hefði verið gott að hafa skilgreindan aðila sem deildi verkefnum til þeirra sem voru lausir.
- Það vantaði bráðaflokkunarspjöld. Það gerði það að verkum að það var mjög erfitt fyrir okkur í gæslustjórn að fá yfirsýn og skrá fjölda slasaðra.
- Bráðaflokkunin
- Ekki nógu vel bráðaflokkað á vettvangi. Vettvangur var frekar dreifður svo það hefur verið frekar erfitt. Miðar voru settir við komu sjúklunga á SSS svo það slapp með tilliti til talningar.
- Óljóst hvar "þyrlan" átti að vera og hvenær leikarar mættu hætta að leika

5.2.3.3 Einkunn æfingar

Q7 Hversu gagnlega telur þú æfinguna hafa verið á skalanum 1-10 þar sem 1 er ekki gagnleg og 10 mjög gagnleg

